

# PEERS® námskeið í félagsfærni

Námskeiðin hefjast þann 6. febrúar og verða vikulega á Selfossi í 14 skipti, á miðvikudögum kl. 17:30 – 19:00 (**15 – 18 ára**). Námskeiðin eru fyrir 8-10 unglunga og foreldra þeirra.

***Sækja þarf um fyrir 18. janúar 2019.***

PEERS® er námskeið í félagsfærni fyrir börn, unglunga og ungmenni með einhverfu, ADHD, kvíða, þunglyndi og/eða aðra félagslega erfiðleika.

***Á PEERS félagsfærninámskeiði er markmiðið að:***

- Unglingurinn læri að eignast vini og halda þeim.
- Að foreldri læri að styðja unglunginn í að finna sér viðeigandi vini.
- Að foreldri læri leiðir til að styrkja færni unglingsins við að eignast nýja vini.
- Að foreldri læri leiðir til að efla félagslegt sjálfstæði unglingsins.

Aðalstyrkleiki félagsfærniþjálfunar PEERS® er að námskeiðið er fyrir bæði unglunga og foreldra þeirra og læra foreldrar hvernig þeir geta haldið áfram og fylgt eftir félagsfærniþjálfun unglunganna eftir að námskeiðinu lýkur.

***Um námskeiðið:***

Námskeiðið er fyrir bæði unglunga og foreldra og er unnið með sama eða svipað efni samtímis í sitt hvorum hópnum. Unglingahópnum er kennt í gegnum beinar leiðbeiningar, samræður, hlutverkaleiki, myndbönd og heimaverkefni. Foreldrahópnum er kennt að vera félagsþjálfari unglunganna með því að farið er yfir heimaverkefni í hverjum tíma og fylgt vel eftir hvernig hvert og eitt foreldri leiðbeinir sínum unglung heima. Unnið er út frá styrkleikum og áhugasviði hvers

unglings. Í lok hvers tíma koma hóparnir tveir saman í 10 – 15 mínútur og heimaverkefni eru skipulögð í sameiningu. Síðasti tíminn er útskrift og þá eru verðlaun og afhending viðurkenningarskjala.

**Leiðbeinendur:**

- Guðrún Jóhanna Benediktsdóttir, iðjupjálfi
- Ingibjörg Karlsdóttir, félagsráðgjafi og lýðheilsufræðingur MPH

**Staðsetning** er Ráðhús Árborgar, Austurvegi 2, III hæð.

Námskeiðsgjald er kr. 18.000 og inn í þeirri upphæð er símaskimun, einkaviðtal og 14 skipti fyrir annars vegar unglingshóp og hins vegar foreldrahóp, hvert skipti 90 mín.

Athugið að hægt er að sækja um hvatagreiðslur hjá sveitarélaginu. Þar sem námskeiðið er einnig fyrir foreldra þá geta þeir sótt um tómstundastyrki í sínum stéttarfélögum.

Skráning í netfangið [kolbrun@arborg.is](mailto:kolbrun@arborg.is).

Heimasíða námskeiðsins er [www.felagsfaerni.is](http://www.felagsfaerni.is). Sjá einnig á FB PEERS félagsfærninámskeið.